



**Samantekt frá 24. þjálfararáðstefnu
UEFT í Kusadasi í Tyrklandi
6. – 10. nóvember 2003**



Ómar Jóhannsson og Sigurður Þórir Þorsteinsson

Luiz Felipe Scolari

Fæðingastaður: Brasília

Fæðingadagur: 9. nóvember 1948

Ferill:

Brasília hefur oftast allra orðið heimsmeistari í knattspyrnu en undankeppnin um að komast á HM 2002 var eitt það erfiðasta sem Brasília hefur farið í gegnum frá upphafi.

Vandamál heima fyrir, vandamál með leikmenn og fjórir mismunandi þjálfarar setti sitt mark á liðið sem lék í Suður Ameríku riðli undankeppninnar fyrir HM 2002. Ráðning Luiz Felipe Scolari í starf landsliðsþjálfara í júní 2001 breytti hinsvegar miklu fyrir liðið og Brasília komst á sigurbrautina aftur og náði að tryggja sér sæti á HM með því að ná þriðja sæti riðilsins á eftir Argentínu og Ekvador.

Luiz Felipe Scolari er fæddur 11. september 1948 og var eins og margir aðrir góðir þjálfarar bara miðlungs leikmaður, lék sem varnarmaður hjá félagsliðum í Brasilíu og var aldrei valin til að leika fyrir þjóð sína. Þjálfarferillinn var hins vegar glæstari og hefur hann unnið til margra titla í heimalandi sínu.


Luiz Felipe Scolari tók við landsliðsþjálfarastarfinu af Emerson Leao eftir mikil mótmæli almennings í Brasilíu sem krafðist aðgerða að hálfu Knattspyrnusambands Brasilíu vegna slaks árangurs liðsins í undankeppni HM 2002. Scolari lét undan þrýstingnum og sagði starfi sínu sem þjálfari Cruzeiro lausu og tók við landsliði Brasilíu í júní 2001 og breytti umsvifalaust um leikaðferð og kom liðinu á rétta braut að nýju.



“Ég hef barist fyrir öllu á mínum ferli sem leikmaður og þjálfari, ég aðhyllist skipulag og ódrepani sigurveila, ef ég kem því til leikmanna minna, þá munum við byrja að vinna leiki” sagði Scolari þegar hann tók við landsliðsþjálfarastarfinu í júní 2001.

Reyndar skyldi almenningur í Brasilíu ekki í fyrstu hvað Scolari meinti með leikskipulagi, þar hefur sóknarleikur verið það eina sem skiptir máli og almenningi var alveg sama um allt sem hét leikskipulag, Brasília átti bara að spila sóknarfótbolta og þegar Scolari tilkynnti sitt fyrsta lið má segja að almenningi hafi heldur betur brugðið. Scolari tók inn í liðið leikmenn sem voru þekktir fyrir að vinna boltann á miðsvæðinu og brjóta niður

sóknaraðgerðir andstæðinganna í stað leikmanna sem gátu gert nánast allt með boltann og þrátt fyrir mikla gagnrýni breytti Scolari leikskipulagi sínu ekki.



Scolari valdi einnig leikmenn sem voru að standa sig vel í Brasilíu og lenti í útistöðum við félagslið í Evrópu vegna leikmann sem þar leika, leikmenn eins og Giovanne Elber átti ekki upp á pallborðið hjá Scolari og hann lenti í miklum deilum vegna þess að hann neitaði að velja Romario í liðið, þrátt fyrir að Romario væri markahæsti leikmaður Brasilíu í undankeppni HM áður en Scolari tók við.

Þjálfaraferill Luiz Felipe Scolari:

| Starf | Land | Tegund | Dagsetningar |
|--------------|-------------|---------------|---------------------|
| Gremio | Brasilía | Félagslið | 1987 - 1990 |
| Criciuma | Brasilía | Félagslið | 1991 - 1992 |
| Gremio | Brasilía | Félagslið | 1993 - 1996 |
| Palmeiras | Brasilía | Félagslið | 1997 - 2000 |
| Cruzeiro | Brasilía | Félagslið | 2000 - 2001 |
| Brasilía | Brasilía | Landslið | 2001 - 2002 |
| Portúgal | Portúgal | Landslið | 2003 - ???? |

“Skipulagið felldi Þjóðverja í úrslitaleiknum”

Luiz Felipe Scolari landsliðsþjálfari Brasilíu á HM 2002

Luiz Felipe Scolari sem stjórnaði landsliði Brasilíu á HM 2002, en er nú landsliðsþjálfari Portúgal, á auðvelt með að vinna með öllum stjórnunum sem skipa landslið þjóða sinna og notar ávallt sína eigin aðferð við þjálfun liða sinna og fylgir



henni í hvívetna. Muninn á landsliðum Portúgals og Brasilíu sagði Scolari vera helstan þann að landslið Brasilíu hefði leikið sem ein heild en Portúgalarnir væru meira í einstaklingsframtakinu og það væri sá hlutur sem hann væri að vinna mest í, ef liðið ætlaði sér einhverkja hluti á EM í Portúgal 2004 yrði liðið að spila sem ein heild, ekki ellefu einstaklingar. Hlutverk þjálfarans er að gera leikmönnum grein fyrir hlutverki

sínu inn á vellinum í leiknum og til að leikmenn lærðu það sem fyrir þá væri lagt er mikilvægast af öllu að fara yfir statistik leiksins, sýna leikmönnum mistökin sem þeir gera, hversu margar feilsendingar, hversu margir skallaboltar töpuðust, hvort sem það er gert með fyrilestri, video- eða töflufundi, þá er það mikilvægasti hluti þjálfunarinnar í dag að mati Scolari. Mjög mikilvægt að fara yfir leikinn, með því að fara yfir statistikina læra leikmenn á endanum hvað það er sem þarf að laga. Scolari var beðin um að taka við Brasilíska landsliðinu eftir að það átti í miklum erfiðleikum í undankeppni HM 2002. Scolari setti það sem skilyrði að hann fengi að ráða alla aðstoðarmenn liðsins sjálfur og var það samþykkt eftir miklar deilur í Brasilíu. Scolari hreinsaði algjörlega til, breytti öllum áherslum í þjálfun liðsins og ekki síst, breytti leikskipulagi liðsins, sem fram að þessu hafði aðeins snúist um að spila sóknarleik og treysta síðan á guð og lukkuna hvað varðaði varnarleikinn. “Þetta snérist ekki um að þjálf þá, heldur fá þá til að hugsa öðruvísi, byggja upp liðsanda og sigurveila, því meira traust, því betri árangur” sagði Scolari. Scolari notar tölvutæknina mikið og sýnir leikmönnum sínum alltaf á grafi meðan á æfingátímabili stendur helstu upplýsingar um andstæðingana, hvar mörkin eru skoruð, í markteig, vítateig eða utan teigs, með hægri eða vinstri, með skalla, allt þetta eru aðstoðarmenn hans búnir að greina þegar til æfinganna kemur og farið er yfir þetta oft og mörgum sinnum til að leikmennirnir læri á andstæðinginn og það hvað Scolari vill leggja áherslu á. Fyrir HM 2002 í Kóreu og Japan lagði Scolari ofuráherslu á að byggja upp liðsanda, fá leikmenn til að skilja starf þjálfarans og aðstoðarmanna hans og fá leikmennina til að vinna fyrir hvern annan á vellinum. Brasilíumenn fóru til Malasíu og léku þar við heimamenn og fékk Scolari mikla gagnrýni fyrir að spila við svo slakt lið að mati Brasilískra blaðamanna, en Scolari sagði það allt vera áætlun í undirbúningi liðsins fyrir HM, tilgangurinn væri að fá liðið til að sækja hratt á andstæðinginn, skora mikið af mörkum og byggja þannig upp sjálfstraust leikmanna sem hefði ekki verið gott vegna allra erfiðleikana í undankeppninni. Scolari fékk einnig mikla gagnrýni fyrir að leika með þriggja manna miðju, en sagði sjálfur að það hafi tryggt þeim titilinn á HM, en hann hafi ákveðið að leika með þriggja manna

miðju vegna þess að hann vissi að leikmenn sínir gætu það, og ekki hvað síst til að opna tækifæri fyrir Carlos og Cafu til að koma upp vængina og styðja við sóknarleikinn, en báðir þessir leikmenn væru einstakir og verða að fá að spila sinn leik. Á HM voru Brailíumenn með njósnara á öllum æfingum og leikjum andstæðinga sinna og að fengnu álitu þeirra ákvað Scolari að hefja fyrsta leikinn á HM gegn Tyrkjum á því að pressa Tyrkina allt upp undir sinn eigin vítateig, þetta gerði hann til að fá Tyrkina til að festast í varnarhlutverki, sigur í fyrsta leik væri það mikilvægasta af öllu á HM, við þurftum ekkert að sýnast, bara að vinna. Scolari gerði síðan breytingar á liði sínu í næsta leik í keppninni sem var gegn Kína og hvíldi þá leikmenn sem höfðu verið að leika lengi í Evrópu, m.a. var Carlos settur á tréverkið, en það sem kom kannski langmest á óvart var að Scolari sagði að Brasilía hefði breytt leikaðferð sinni á milli hvers einasta leiks í keppninni, leikskipulagið fór eftir því hver andstæðingurinn var, einhvern tímann hefði maður haldið að Brasilía léki sinn leik og andstæðingar breyttu sínum eftir því, en Scolari sagðist hafa breytt fyrir hvern leik, leikskipulagið hafi verið nánast það sama en með misjöfnum leikmönnum, spiluðu aðeins innar á vellinum, utar, framar eða aftar, allt eftir því hver andstæðingurinn var. Óttin við að gera mistök er slæmur, hvort sem er í fótboltanum eða ástarlífinu að mati Scolari, hræðslan við mistök og einnig að vera of seinn, hræðslan er slæm á báðum stöðum. Brasilía fór taplaus í gegnum undanriðilinn og lék gegn Belgíu í 16 liða úrslitum og óttaðist Scolari Belgana mikið fyrir leikinn, og lagði upp varnarsinnaða leikaðferð í fyrsta sinn í keppninni, en Brailía sigraði 2-0 og mætti Englendingum í 8 liða úrslitunum og sagðist Scolari hafa verið þess fullviss að Brasilía ynni þann leik.

Þá var komið að Tyrkjum, en þetta var í annað sinn í keppninni sem þessi lið léku saman. Að mati Scolari var virðing Tyrkjanna fyrir Brasilíu slík að það hafi verið helsta vandamál Tyrklands í leiknum, auk þess sem Brailíumenn tóku Emre úr umferð í leiknum og sóknarleikur Tyrkjanna hafi við það aldrei náð að blómstra. Leikurinn endaði 1-0 og Brailía var kominn í úrslitaleik HM, enn einu



sinni. Fyrir úrslitaleikinn við Þjóðveja setti Scolari allar upplýsingar sem liðið átti um Þjóðverjanna á tölvutækt form og fór yfir það margoft með leikmönnum sínum, setti leikmönnum nánast fyrir, merkti hvern Þjóðverjann með nafni og númeri og sagði sínum mönnum hver ætti hvern í leiknum, þetta væri þinn maður og öll ábyrgðin á honum væri á herðum þess leikmanns. Svona tók hann hvern einasta leikmann Þjóðverja, skoðaði fríhlaup leikmanna, vinnu án bolta og með og allt það sem hann taldi að sínir menn þyrftu að standa klárir á. Scolari sagði það hafa verið sitt lán í leiknum að hann hafi sett upp varaplan fyrir leikinn ef það sem lagt var af stað með væri ekki að virka og það hafi gert gæfumuninn í leiknum, Þjóðverjarnir hafi ekki verið undir það búnir að Brailía myndi breyta leikskipulagi sínu og eins undarlegt að það hljómar, þá má segja að skipulagið hafi fellt Þjóðvejana. Scolari taldi sig hafa vitað allt um andstæðingana á HM og undirbúningsvinnan hafi verið mikil og hann hafi skipulagt sitt starf algjörlega eftir því hvað aðstoðarmenn hans hafi verið að sjá í

njósnaferðum sínum, leikmenn sínir hafi vitað nákvæmlega hvar þeir átti að staðsetja sig í hornum, aukaspyrnum og öllu slíku, þetta hafi gert það að verkum að liðið fékk óbilandi sjálfstraust og hafi leikið sem ein heild í kepninni og það hafi verið lykillinn að því að Brasilía varð heimsmeistari. “Ég er enginn töframaður, það er ekki erfitt að þjálfá, það er erfitt að stjórna, en ég elska knattspyrnu og leikmennirnir fylgdu með, það þarf hæfileika, ef þeir eru ekki til staðar þá skiptir leikskipulagið enn meira máli, en það þarf líka mikla hæfileika til að búa til jafn gott lið og Braislía var á HM” sagði Scolari og glotti og sagði jafnframt að í félagsliðaþjálfun væru við daglega að vinna með leikmönnum, getum rætt málin og breytt hlutunum, í landsliðinu væri þetta ekki þannig, tíminn yfirleitt ekki mikill, allt annað umhverfi og mikilvægt að búa til fjöldskylduvænt umhverfi þegar út í HM væri komið, leikmenn langt að heiman í langan tíma og mikilvægt að þeim líði vel, séu samstilltir, það hafi til að mynda verið ein aðalástæða þess að Romario sá frábæri leikmaður var ekki valinn í liði hjá Scolari, hann væri ekki liðsheildarmaður og því ekki valinn. Scolari sagðist óttast fréttamenn og hefði stundum ekki verið eins harður í horn að taka og hann vildi, stundum hafi hann verið hræddur við fréttamenn, sumir þeirra væru góðir aðrir slæmir og hann langaði ekki að eiga neinn þeirra að vini, þeir hugsu ekki eins og hann og því vilji hann ekki eiga þá að vinum.

Þetta byrjar allt með krakkafótboltanum

Dr. Hansruedi Hasler, tæknilegur ráðgjafi hjá svissneska knattspyrnusambandinu

Dr. Hansruedi talaði um hvernig Svisslendingar byggðu upp yngri flokka þjálfun sína. Til að ná því bestu fram í hverjum einstaklingi þarf tvennt til, undirbúningur og endurtekningar, kannski tölum við ekki sama tungumálið, erum ekki eins, en fótboltinn er alltaf eins. Þeir sem eldri eru verða að kenna þeim sem yngri eru, það gengur ekki að þjálfarar barna séu á svipuðum aldri og þau sjálf, mun mikilvægara að þjálfarar yngstu barnanna séu vel menntaðir og færir í sínu fagi, það gengur ekki að ætla sér að spara kostnað með því að fá ólærða þjálfara fyrir yngstu krakkana.

6-10 ára:


Fótboltinn á að vera skemmtun fyrst og fremst, vandamálið í yngstu aldursflokkunum er hversu fáar snertingar við boltann krakkarnar fá, en Svisslendingar telja sig geta séð á 6-7 ára krökkum hverjir komi til með að vera fótboltamenn og hverjir ekki. Spila 5:5 eða 7:7. Mikilvægt er að fá foreldra barnanna með og Svisslendingarnir gefa út bók um hegðun, framkomu og annað slíkt sem krakkarnir þurfa að lesa og kunna og foreldrarnir þurfa að fylla út blaðsíður í bókinni og krakkarnir síðan að skila til þjálfarans. Dr. Hansruedi sagði mikilvægt að nota S.E.S kerfið, þ.e. spil, einsaklingsþjálfun, spil, þannig væru allir yngri flokkarnir þjálfaðir og þetta hefði gefið mjög góða raun hjá þeim. Mikilvægt væri að nota velli sem henta krökkunum, ekki of stóra og ekki of litla, svo snertingar við boltann verði sem flestar.

11:14 ára:


Á þessum aldri eru krakkarnir hinn gullni námsmaður og verða krakkarnir að njóta þess sem fyrir þau er lagt og spila 7:7, 9:9 eða 11:11. Í þessum aldursflokki vaxa krakkarnir sem knattspyrnumenn eftir því hversu oft þau komast í snertingu við boltann á æfingum. Svissneska knattspyrnusambandið heimsækir félögin skipulega til að eiga fund með þjálfurum félaganna um hvað það er sem þarf að þjálfra sérstaklega hjá krökkum á þessum aldri.

15-18 ára:


Krakkar á þessum aldri eru mjög góð tæknilega og telja sig fullnuma á þessum árum en það er alls ekki, vantar allavega þrjú ár upp á að þau séu komin með þann grunn sem þarf í alvöru fótbolta, hjá Svisslendingum vantar enn mikið uppá að ná í fremstu röð en stefna sambandsins er á toppinn 2008. Unglingar í dag hafa mikil tækifæri, tölvur og allt slíkt, langar ekki að vera hluta af hópi og hætta af minnsta tilefni og því er mjög mikilvægt fyrir þjálfara í þessum aldursflokki að vera í góðum tengslum við krakkana. Leikskipulag félaga í þessum aldursflokki er oft ekki mikið en mikilvægt að leggja áherslu á að leika upp vængina, flest félög spila 4:4:2 eða 4:5:1. Landsliðsþjálfarar Sviss heimsækja félögin og tala við þjálfara félaganna, sem eru ekki alltaf ánægð með heimsóknina, en markmiðið með heimsóknunum er aðeins að bæta þjálfunina í landinu og ekkert annað. Svisslendingar ætla sér að ná árangri í þessum aldursflokki í framtíðinni og þannig bygja upp landslið til framtíðar og hafa að því tilefni sett af stað verkefni sem þeir kalla grasrótur knattspyrna. Þar er leikmönnum kennt að hugsa eins og sigurvegarar og þjálfarar krakkana hafa miklum skyldum að gegna og ef þeir ekki standa sig eru þeir látnir fara.




1)
Spila 5:5 og 7:7 á völlum 1–4 en gera mismunandi æfingar með bolta á svæðum 5–8.



2)
O eru með bolta í 25x20 metra reit og senda á X og skipta um stað um leið.



3)
3:3 í 35x25 metra reit með mörkum, engir markmenn, fá mörg mörk skoruð.



4)
X1 leikur bolta að keilu A og senda á O og fær sendingu til baka, leikur síðan boltann að keilu B og sendir boltann á O og fær til baka, X2 gerir alveg eins nema byrjar að leika boltann að keilu B og sendir...

Minnispunktur frá UEFA við uppbyggingu ungra leikmanna

Góður leikmaður

- Þekkir takmörk og hæfileika sína og notar þá á réttum tímum
- Hegðar sér alltaf á jákvæðan hátt gagnvart meðspilurum
- Les leikinn, vinnur boltann
- Gerir allt sem er nauðsynlegt til að vinna, skortir aldrei traust né hugrekki
- Veit að það er ekki ávísun á sigur að hann sé sá eini góði, hann gerir allt svo meðspilararnir spili vel (hrósar, aðstoðar, heldur þeim við efnið)
- Sér fyrir og bregst við á undan öðrum. Tímasetningar hans eru réttar. Hann sér fljótt auð svæði og góðar leiðir.
- Tekur leiðbeiningum. Sumir leikmenn skilja í fyrsta skiptið og þeir beita þeim aðferðum sem þeim eru kenndar. Þessir leikmenn ná árangri fyrr. Margir hæfileikaríkir leikmenn hegða sér eins og þeim sýnist í stað þess að hlusta á þjálfarann. Þeir læra því ekkert af þeim greindu og reyndu þjálfurum sem sjá þá frá öðrum sjónarhóli.
- Getur aðlagð sig nýjum aðstæðum. Nýr þjálfari, ákafari æfingar, snjór, rigning, áhorfendur og útileikir hafa ekki neikvæð áhrif á hann.
- Innsiglar sigurinn og er stoltur af ofansögðu.

Draumur/Þættir sem hafa áhrif á þróun leikmanna

| Aldur | | | | | |
|-------|-------------|------------|------------|------------|------------|
| -10 | Foreldrar | Kennarar | Þjálfarar | | |
| 10-14 | Foreldrar | Þjálfarar | Vinir | Kennarar | |
| 14-18 | Þjálfarar | Vinir | Foreldrar | Umboðsmenn | |
| 18-22 | Þjálfarar | Vinir | Lífsstíll | Umboðsmenn | Fjölmiðlar |
| 22-26 | Umboðsmenn | Þjálfarar | Lífsstíll | Vinir | Fjölmiðlar |
| 26-30 | Eiginkona | Orðspor | Umboðsmenn | Fjölmiðlar | Þjálfarar |
| 30-34 | Fjölskyldan | Áhyggjur | Umboðsmenn | Fjölmiðlar | Þjálfarar |
| 34- | Fjölskyldan | Ákvarðanir | Fjölmiðlar | Lífsstíll | Umboðsmenn |

Minnispunktur frá UEFA við uppbyggingu ungra leikmanna

Umhyggja fyrir raunveruleikanum

“Komdu á fót stuðningsneti milli fjölskyldu, landsliðs, félagsins og skólans til að umbreyta samstilltu umhverfi fótboltans”

- VERTU ÞOLINMÓÐUR við þjálfun ungra leikmanna
- Einbeittu þér að æfingum frekar en þessu fræðilega, HEILDSTÆÐ KYNNING (miðuð við aldur)
- Kennsla, þolinmæði. Bæði satt og rétt en við verðum að vinna! Stærsti þátturinn í kennslunni er að KEPPA.
- Fyrir betri menntun, kynntu VIRÐINGU fyrir REGLUM FÓTBOLTANS (meginreglur) ÞJÁLFARI - SAMHERJI - ANDSTÆÐINGUR - DÓMARI - ÁHORFANDI
- LEYNDARMÁLID BAKVIÐ ÁRANGUR LIGGUR Í GÆÐUM HVERS LEIKMANNIS. Finndu hæfileikana, fræddu, bættu og verndaðu þá.
- Leikmenn ættu að nota þeirra leiðbeiningar fyrir liðið. Þróaðu ANDAN í “okkur”.
- ALDURSHÓPURINN 12 - 15 ÁRA ÞROSKAST HRAÐAST. Gefðu gaum að vöðvamyndun.
- REIKNAÐU ÚT BEINA-ALDURINN (VINSTRI HÖND)
- Vöxturinn er 12 cm. Fyrst lengjast fæturnir, gefðu svo gaum af líkamanum. Ekki vanrækja rannsóknarniðurstöður.
- HALTU HORMÓNASTARFSEMININNI Í JAFNVÆGI MEÐ ÞVÍ AÐ GEFA GAUM AÐ ORKUNNI - ATHYGLIS- OG JANFVÆGISÞÆTTIR.



Minnispunktur frá UEFA við uppbyggingu ungra leikmanna

Tíu “EKKI” þegar unnið er með unga leikmenn

- ÖSKRA ALLAN TÍMANN: Ekki öskra án ástæðu þegar leikur eða æfing stendur yfir.
- LÁTA ÞÁ VINNA EINS OG FULLORÐNA EINSTAKLINGA: Ekki reyna að láta þá spila eins og þeir séu atvinnumenn.
- NOTA SAMA SVÆÐIÐ: Endurtaktu svipaðar æfingar og leiki en ekki eyða tíma á sama svæðinu, ekki láta leikmönnum leiðast.
- GAGNRÝNA: Ekki gagnrýna unga leikmenn fyrir framan aðra. Bentu aðeins á mistökin.
- FRÆÐILEG ÞJÁLFUN: Hafðu kynningarnar stuttar, ekki trufla æfinguna reglulega.
- LEVEL TRAINING: Ekki gera æfingar sem henta ekki tilteknum aldri eða eru líkamlega of erfiðar. Ekki skaða leikmennina.
- GRUNDVALLARATRÍÐI: Ekki styðja við óásættanlega hegðun. (Mæta of seint, hegðun, reglubrot)
- LEIKUR: Ekki vanrækja leikinn með því að leggja ofuráherslu á stigin
- UNDIRSTÖÐUATRÍÐI - TÆKNI: Ekki líta framhjá tæknilega þættinum í æfingunum og ekki missa sjónar á langtímamarkmiðum (eitt ár)
- UPPELDISFRÆÐI: Að kenna fótbolta er uppeldisfræðilegs eðlis. Do not train a player in the same category in the event that he can not control the ball at the beginning.

Að gera ungan leikmann mikilvægan gerist ekki á svipstundu

Minnispunktur frá UEFA við uppbyggingu ungra leikmanna

10 lykilreglur fyrir þjálfara sem taka þátt í þjálfun yngri barna

- SÝNA VÆNTUMÞYKJU VIÐ UNGA LEIKMENN: Njóttu þess að vera með þeim.
- ÞEKKTU ÞÁ VEL: Hvernig þeir lifa, persónuleika þeirra og þeirra styrkleika (vitsmunir og skilningur)
- VERTU LEIÐBEINANDI: Reyndu að vinna að því að láta þau taka frumkvæðið (Questioning attitude)
- EKKI DÁST AÐ AUÐVELDLEGA: Settu markið hátt, mentality, and for obedience of slow development but for the difficult formations be TOLERANT.
- HLUSTAÐU: Láttu þau finna að það sé hægt að ná til þín.
- Náðu RAUNVERULEGU SAMBANDI við ALLA leikmennina.
- Lækkaðu þig á ÞEIRRA STIG.
- Skilgreindu og útbúðu FRJÁLST SVÆÐI með þeim.
- GEFÐU ÞEIM TRAUST - EKKI BANNA: Láttu þau koma þér á óvart.
- Hegðaðu þér gagnvart þeim eins og þau séu FULLORÐIN en líttu eftir þeim og verndaðu þau eins og þau séu BÖRN

Áskorun 2008 – Austuríska aðferðin

Willi Ruttensteiner, Tæknilegur ráðgjafi austuríska knattspyrnusambandsins

Austurríkismenn byrjuðu fyrir 5 árum á stefnumótun sinni (1999). Þeir vildu þróa fótboltann í landinu, breyta leikmönnum og bæta skipulagið. Það var marga sem breyttist. Það fyrsta sem þeim fannst nauðsynlegt að gera var að þeir þurftu að setja ákveðin tímamörk á framfarir fyrir fótboltann í Austurríki. Stefnan var sett á árið 2008, árið sem Evrópukeppni landsliða verður haldin í Austurríki og Sviss.



Grunnatriði er það að trúa á unga leikmenn á öllum aldursstigum. Þeir vilja að hver leikmaður nái sínu besta fram og að allir leikmenn nái langt.

Fótbolti - Skóli - Hæfileikar = Samvinna.

Þeir unnu í því að fá alla bestu þjálfarana fyrir unga leikmenn og bæta aðstöðuna fyrir alla í landinu og settu upp tækni og hæfileikaráð. Ef árangur á að nást, þarf að vinna eftir langtímaáætlun og það var nákvæmlega það sem þeir gerðu.

Þeir settu upp svokallaðan BARNAFÓTBOLTA = Þróa fótbolta fyrir 12 ára og yngri. Eftir 12 ára aldur fara allir bestu leikmennirnir í nokkurs konar héraðsskóla eða svæðismiðstöðvar “Regional development youth centers” um allt land. Fyrir aldurinn 12–14 ára eru hvorki fleiri né færri en 29 slíkar miðstöðvar um allt landið og þær eru þess eðlis að leikmennirnir verða að fara tímabundið frá fjölskyldum sínum. Auk þess



eru 13 Fótboltaakademíur hjá þeim. Þeir skipulögðu keppni á milli miðstöðva og útkoman úr því var að 7 skiluðu sér í akademíur. Þegar leikmennirnir útskrifast þaðan komast þeir á 2. stig eða erste liga.

Erste liga = “Today for tomorrow”

Þeir reyna að finna hæfileikaríkustu leikmennina til þess að hafa sem allra sterkasta lið í EM árið 2008. Austurríkismenn eru mjög bjartsýnir fyrir þá keppni. 17, 18 og 19 ára leikmenn

standa sig mjög vel í þessari þróun.

Austurríska knattspyrnusambandið er í samvinnu við 1. deildina og í mjög góðri samvinnu við ríkisstjórnina.

Það eru fjögur landssvæði sem þeir vinna í og og trúin því, segja þeir, við höfum valið bestu leikmennina.

Markmið - Áætlun - Þjálfun - Þróun

Ef þeir ná árangri sýnir það að þeir eru á réttri leið. Þeir eru með próf og mælingar á öllu sem gert er. Á sex mánaða fresti koma niðurstöður úr þessum prófum hjá þeim. Þeir nota sinn eigin hugbúnað og geta því unnið með það eins og þeim þóknast og geta borið leikmenn saman á mjög nákvæman hátt. Þeir einblína sérstaklega á tækni 16 – 17 ára leikmanna.



Þeir þurfa sterka leikmenn með sköpunagáfu og hugmyndarflug.
Þjálfari þarf að búa yfir sköpunarhæfileikum. Þjálfunaraðferðir sem þeir beita er :
Byrja á því auðveldu og bæta síðan smátt og smátt við. Samhæfingarþjálfun er mikilvæg til að menn þróist í fótbolta – Tækniþjálfun og fleiri atriðum. Við skorum ekki alltaf mörkin á sama hátt, því er mikilvægt fyrir okkur að þjálfarar vöðvana markvisst. Fjölbreytni er mjög mikilvæg. Hægt er að endurtaka sumar æfingar aftur og aftur, sem er mjög mikilvægt fyrir unga leikmenn. 5 – 8 endurtekninga og þjálfarar þangað til þeir ná ákveðnu stigi.

Hvað er það sem góður þjálfari lítur á ?

Leikaðferðir (system). Þjálfararnir nota DVD í þjálfuninni hjá sér. Fjölbreytileiki í þjálfun (tækni), nota t.d. minni bolta í tækniþjálfuninni. Taka þarf tillit til mismunandi undirlags í þjálfuninni.

Austurríska knattspyrnusambandið styrkir þetta átaksverkefni af myndarhug. Hvaða þjálfari sem er getur fengið DVD eins og Austurríkismenn nota í þjálfuninni hjá sér. Senda fyrirspurn á netfangið nacwuchs@oefb.at

Frá grunni að toppi. Hollenska aðferðin við þróun barna- og unglíngaknattspyrnu

Henk van de Wetering, fræðslustjóri hollenska knattspyrnusambandsins

Knattspyrnan í Hollandi

Styrkleikar

- uppbygging
- Þjálfarar í fullu starfi
- Yngri flokka menntun í félögunum og knattspyrnusambandinu
- samskipti og samhæfing með félögunum
- knattspyrna er stærsta íþróttagreinin í Hollandi


Veikleikar :

- lítið land
- lítið um erlend samskipti
- öflun fjármagns erfið

Skipulag KNVB þjálfara í Hollandi

- Landsliðsþjálfarar (10)
- Akademía
- Héraðsþjálfarar í fullu starfi (20)
- Hæfileikaríkir knattspyrnumenn → Landsliðið
- Strákar U – 15 / U – 16

Hvernig komast hæfileikaríkir leikmenn í landsliðið ?



Þróun knattspyrnunnar

Grasrótin (grassroots)

- Skólafótbolti (Shell)
- Götufótbolti (Shell)
- Goalmaster (Nike)
- Knattspyrnusálfræði (Nike)
- 4 gegn 4
- Stelpuknattspyrna
- Knattspyrna fyrir fatlaða



KNVB Academy

- Námskeið fyrir barna og unglingsþjálfarana í félgunum
- Námskeið fyrir dómara
- Þjálfaramiðstöðvar
- Leiðbeiningar fyrir þjálfara sem eru í hlutastarfi hjá KNVB
- Leiðbeiningar fyrir scouts hjá KNVB

Framtíðarsýn Hollendinga á barna og unglingsknattspyrnu

Veita skilning, lykillinn að hvatningu.

Börn læra fótbolta með því að spila fótbolta.

Þau verða að uppgötva tengslin við hinn raunverulega leik.

Læra “dry swimming” athafnir.

Grunnhugmyndir

Æfingar sem eru líkar leiknum sjálfum.

Margar endurtekningar

Í sömu æfingu er sérhvert atvik frábrugðið en skipulagið er alltaf eins:
ÆFA, ÆFA OG ÆFA AFTUR

HAFIÐ Í HUGA HÓPINN SEM ER VERIÐ AÐ VINNA MEÐ
(á hvaða stigi (level) er hópurinn, aldur og hvatning)

Góð þjálfun

Þjálfarinn gefur dæmi og kemur með lausnir.

| ALDUR | MARKMIÐ | INNIHALD |
|-------------|---|--|
| 5-7 ára | Þróa grunnhæfileika | 4 gegn 4+ Skemmtilegir leikir (fun games) |
| 7-10 ára | Einstaklingstækniþróun | 7 gegn 7 Grunnleikir (basic games) 1 gegn 1 |
| 11 – 13 ára | Tækniþróun og innssýn í leikinn | 11 gegn 11 Æfingar sem líkjast leiknum |
| 13 – 16 ára | Liðssamvinna (teamwork) og innsýn í leikinn | 11 gegn 11 Þjálfarar þjálfar keppnislíkt. Æfingar sem líkjast leiknum |
| 16 – 19 ára | Árangursþjálfun Læra að vinna leikinn. | 11 gegn 11 Markmiðsþjálfun (task related coaching) Taktískir leikir (tactical games) |

“MASTERPLAN” fyrir barna og unglingsþjálfun

Þeir byrjuðu á þessari áætlun fyrir tveimur árum, 10 ára áætlun. Þeir fengu mikið af fjármagni frá ríkisstjórninni í þetta verkefni.


Vegna þess að fótboltinn getur orðið betri...

... og hann ætti að verða betri.


MASTERPLAN = TOTAL VISION

Heilræði : MJÖG MIKILVÆGT AÐ DREKKA VATN ÞÓ AÐ ÞAÐ SÉ KALT. Athyglisverð heimasíða : www.gssiweb.com/


Æfingar frá U-17 landsliði Tyrklands




- 1)
6:3 + 6 á 30x20 metra velli. 6 O í miðju á móti 3 X sem hafa 6 aukamenn fyrir utan, nota snertingafjölda, skora mark með 10 snertingum, gera æfingar á milli lota.




- 2)
4:4 + 1 á 30x20 metra velli. 4 O á móti 4 X með einn aukaman sem er með báðum liðum. Bara X geta notað X fyrir utan völlinn. Skipta þeim sem eru fyrir utan inn og nota snertingafjölda.



- 3)
 7:7:7 spila á eitt mark á þriðjungi vallar. Lið O byrjar að spila á móti X sem leikur síðan á móti þriðja liðinu, við skorað mark eða unnin bolta og svo koll af kolli.



- 4)
 10:10 spila með frjálsum snertingum. Aðeins einn leikmaður má fara inn í teig og klára sóknina, breyta síðan í að tveir megi fara og einn varnarmaður með.



- 5)
8:8 með aukamenn í hornunum. Koma boltanum upp í hornin og fá sendingar þaðan fyrir markið þar sem þrír sóknarmenn sækja á tvo varnarmenn.

HM 2002 og undankeppni EURO 2004, hvað við gerðum, hvað við ætlum okkur

Şenol Gúneş, Landsliðsþjálfari Tyrklands

Þetta snýst allt um að vera dugleg(ur) og leggja hart að sér.

Það skiptir ekki máli hvar í heiminum menn eru, heimurinn er alltaf að minnka.

Við eigum að fá eins mikið af upplýsingum og við getum um tækni, taktík og annað sem snýr að knattspyrnu.

Það var mikil vinna á bak við árangurinn á HM.

Þetta er ekki MITT lið, þetta er okkar lið.

Við vinnum saman, ekki gegn hver öðrum.

Það skiptir mjög miklu máli að hafa góð samskipti við fjölmiðla.

Það vantaði góða fótboltavelli og ýmislegt.

Núna er fótboltinn miklu þróaðri á allan hátt. =

Þökk sé tækninni.

Þjálfarar eru til að finna lausnir við alls konar vandamálum.

Stjórnuleikmenn elska aðstæður í sínu landi, t.d. Brasilía með strendurnar.

Við höfum marga styrkleika og veikleika.

Þurfum að bæta alla þætti í þjálfuninni, fótboltavelli, allt, til að verða ekki á eftir.

Árangur = verðum að vinna sem fótboltafjölskylda.

Þjálfun snýst um ást.

Nauðsynlegt að einblína á þjálfunina.

Nauðsynlegt að fá inn nýtt blóð í íþróttina.

Þrátt fyrir góðan árangur ýmissa leikmanna þá höfðu við ekki tekið þátt í lokakeppni HM og það var aðalmarkmiðið.

Í lokakeppninni áttum við að keppa gegn þjóðum sem eru ekki Evrópuþjóðir, þannig að nauðsyn var að finna æfingaleiki gegn svipuðum þjóðum.

Við höfðum aldrei undirbúið okkur fyrir slíka stórkeppni.

Leikmenn fengu 5 daga frí eftir deildarkeppnina, síðan fórum við í æfingabúðir, blandaði æfingum saman við frí með fjölskyldunni. Samtals fóru 26 leikmenn.

Æft var tvisvar á dag fyrir leikinn gegn Brasilíu.

Síðan ræddi hann um leikina, hvernig þeir þróuðust.

Mjög mikilvægt að vinna sem lið.

Þegar hlutirnir ganga ekki upp, þarf þjálfarinn að rífa liðið upp.

Þjálfarinn þarfa að vita hvenær hann á að koma inn í.

Árangur kemur einungis með langtímavinnu.

Í 51 dag voru Tyrkirnir með 46 æfingar.

Þeir spiluðu 7 leiki og enduðu í 3. sæti.

Leikmenn þurfa að aðlagast grasinu og framandi aðstæðum.

Tyrkneskur fótolti er í þróun – það eru miklar mannabreytingar.

Şenol Gunes fór sjaldan af hótelinu. Hann var að vinna við að leikgreina og fleira.

Við eigum að læra. Það getur tekið 20 ár.

Ekki kópera frá öðrum. Verið þið sjálf.



Mælingar og greiningar á ungum leikmönnum

Dr. Asaf Özkara, Tyrkland.

Tæknin er orðin það mikil að það er orðið mun auðveldara að framkvæma próf og mælingar.

Við höfum þessi próf til að bæta leikmennina og finna hæfileikaríkustu leikmennina.

Það eru tekin próf á 6 mánaða fresti og er til gagnabanki um hvern einasta leikmann í landsliðunum.



Til dæmis eru til próf í 10 m. og 30 m. sprettum með og án bolta.

Hlaup í 3 mín / hvíld í 1 mín.


Mjólkursýrumælingar (blóðsýni tekið úr eyrnasnepli).

Niðurstöður síðan 1967 eru til í gagnabanka.

Varðandi útbúnað hafa þeir tvo bíla sem eru búnir fullkomnum tækjum sem þeir ferðast með um landið en vonast er eftir því að fá húsnæði fyrir tækjabúnaðinn sinn.


Nauðsynlegt er að vinna fagmannlega þrátt fyrir að þeir náðu 3. sæti á HM.

Próf eru mjög mikilvæg segja þeir til að sjá framþróun leikmanna.



Test 1.

Sprettir á milli keila, með og án bolta.



Test 2.

Sprettir á milli keila, með og án bolta.